



Nú liggur leiðin í Laugar

Á sumardaginn fyrsta verður opið hús í íþróttahúsinu á Laugum frá kl. 14-17 þar sem Framhaldsskólinn á Laugum sýnir ýmsar hliðar skólastarfsins sem og gamla muni. Jafnframt verða kynnisferðir um húsnæði og heimavistir skólans. Kaffihúsastemning með tónlist í boði nemenda verður ríkjandi og gestum boðið upp á kaffi og meðlæti sér að kostnaðarlausu á milli þess sem þeir röltu, skoða og taka þátt í deginum. Ýmis félagasamtök úr nærsamfélaginu s.s. HSB, Búnaðarsamband S-Þingeyinga og Seigla kynna starfsemi sína. Brunavarnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, Hjálparveitir og Rauði krossinn mæta með ýmis tæki og tól og opið verður í gamla Húsmæðraskólanum hjá Kvenfélagasambandi Suður-Þingeyinga. Ókeypis verður í sundlaugina á Laugum þennan dag frá kl. 14-18 í boði Þingeyjarsveitar og undir yngstu kynslóðinni verður teymt á Safaríhestum.

Fögnum saman sumri á Laugum.

Nemendur og starfsfólk Framhaldsskólans á Laugum.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
15. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 13. apríl 2016

Gönguskíðaferð á Hólaheiði

Af ýmsum ástæðum hefur verið ákveðið að flýta skíðaferðinni sem átti að vera síðar í mánuðinum til næsta laugardags!

Ferðin verður farin **laugardaginn 16. apríl**. Lagt af stað kl. 13:00 frá afleggjaranum að gangnamannaskála Núpsveitunga (Kötluvíðra-hótelinu) um 4 km vestan við gatnamótin til Raufarhafnar.

Gengið að Ytri-Kerlingu og til baka. (um 5 km hvora leið).

Ferðafélagið vonast eftir góðri þátttöku og góðum útivistardegi.

Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.

Sendið línu á skeglan@simnet.is ef þið viljið vera á póstlistanum.

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 20. apríl 2016.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.